

Tilmæli 20/2023
Tillaga A 1941/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 20/2023 um að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum (A 1941/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 20/2023 um að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum með því að taka saman leiðbeiningar um heimaræktun sem tekur mið af loftslagsbeltum á Norðurlöndum
- að hefjast handa við að velja tegundir í samvinnu við Norrænu erfðaauðlindastofnunina, NordGen, með það fyrir augum að styðja við heimaræktun í ólíkum loftslagsbeltum
- að efla norrænt samstarf um þróun grænna borgarsvæða sem stuðla að aukinni heimaræktun í borgum

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) fagnar tilmælum 20/23 og lítur það jákvæðum augum að Norðurlandaráð hvetji til aukins samstarfs um heimaræktun á Norðurlöndum.

Heimaræktun er hluti af hinum norræna menningararfi og þær hefðbundnu tegundir sem eru ræktaðar hafa mótast af norrænum aðstæðum í gegnum söguna. Þær eru þannig grundvöllur hinnar fjölbreyttu ræktunar sem Norðurlöndin njóta í dag góðs af.

Norræna sjálfbærninefndin er einnig sammála því mati Norrænu sjálfbærninefndarinnar að heimaræktun sé svið sem býr yfir miklum tækifærum og sem hagur er af því að þróa frekar.



Matvælaframleiðsla er kostnaðarsamt svið sem leggur þungar byrgðar á bæði loftslag og umhverfi. Áhrifin eru enn meiri þegar matvælum er fargað án þess að þau séu notuð. Einungis á Norðurlöndum er mörgum milljónum matar fleygt eða fargað á ári hverju.

MR-FJLS telur einnig að heimaræktun á borgarsvæðum geti haft félagslegan, menningarlegan og hagnýtan ávinning í för með sér, þar sem matvælaframleiðslan er þá nær íbúunum.

Loks telur MR-FJLS það geta verið verðugt sjónarmið að bæta megi viðbúnað í norrænu löndunum með því að auka heimaræktun. Í þessu samhengi telja sænsk landsamtök heimaræktenda að heimagarðar í Svíþjóð geti framleitt 700.000 tonn af ætri uppskeru á ári. Með öðrum orðum eru tækifæri til að auka sjálfgnægtarstigið, sem getur átt þátt í því að auka viðnámsþol norrænu samfélaganna. Í dönskum leiðbeiningum um heimaræktun komi einnig fram hvaða reglur og venjur gildi um verslun og viðskipti með matjurtafræ o.fl. til framleiðslu í öðrum tilgangi en ábataskyni og til geymslu. Sjá nánar hér: Leiðbeiningar um viðskipti og afhendingu fræja til notkunar og geymslu sem ekki er í viðskiptalegum tilgangi.

Í meira en 40 ár hefur NordGen gengt lykilhlutverki í langtímavarðveislu plöntuerfðaauðlinda og sú söfnun heldur áfram. Í dag geymir NordGen meira en 33.000 fræsöfn í sínu norræna safni.

Á hverju ári býður NordGen upp á lítið úrval fræja sem henta til heimaræktunar í gegnum vefverslun stofnunarinnar. Þetta eru umframbirgðir ýmissa fræja úr fræsafni NordGen og eru sérstaklega ætluð frístundaræktendum. Í úrvalinu eru meðal annars ýmsar mismunandi matjurtir á borð við baunir, lauk og rôtargrænmeti. Tilgangurinn með þessu er að hvetja til ræktunar staðbundinna tegunda í norrænum görðum. Enn er þó rúm til að miða fræsöfnuninni að sérstökum loftslagsbeltum og veita leiðbeiningar um slíkt; Norræna ráðherranefndin vill ræða möguleika á slíku við NordGen.

Að því er varðar ósk nefndarinnar um leiðbeiningar um heimaræktun vill Norræna ráðherranefndin vekja athygli Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) sem ber titilinn „Urban Agriculture for a Resilient Future“. Skýrslan fjallar meðal annars um það hvernig heimaræktun og matvæli í borgum geta skapað viðnámsþol þrátt fyrir loftslagsbreytingar og hnignun umhverfisins. Skýrsluna má lesa hér: [Urban Agriculture for a Resilient Future \(nordregio.org\)](https://www.nordregio.org/)

Í álitni nefndarinnar kemur einnig skýrt fram að heimaræktun er mikilvægur hlutur af baráttunni gegn matarsóun. Matarsóun hefur einmitt verið í miklum forgangi hjá norrænum ráðherrum innan sviðs fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar.

Árið 2023 var ráðstefnan Nordic Food Waste Summit haldin í fyrsta sinn í Stokkhólmi. Ráðstefnan var hluti af norræna verkefninu „Sjálfbær og heilbrigð matvælakefni“. Á



ráðstefnunni koma saman leiðandi sérfræðingar, stefnumótendur og vísindamenn ásamt ráðherrum og kóngafólki frá bæði Svíþjóð og Danmörku. Markmið ráðstefnunnar var að varpa ljósi á matarsóun og skapa rými fyrir umræður um hvernig Norðurlönd geta eflt samstarf sitt á þessu sviði.

Ráðstefnunni var fylgt eftir á sumarfundi FJLS, þar sem ráðherrarnir komu sér saman um sameiginlega yfirlýsingu sem bæði er ætlað að endurnýja fyrri skuldbindingar gagnvart heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun 2030 og framtíðarsýn fyrir árið 2030 og auka aðgerðir gegn matarsóun. Til að fylgja yfirlýsingunni eftir verður nú sett á laggirnar norrænt sérfræðingarnet sem mun vinna að því að draga úr matarsóun. Netinu er einnig ætlað að gefa út ýmsar skýrslur á næstu árum.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin veitir því athygli með mikilli ánægju Norræna ráðherranefndin fagnar tilmælunum og lítur það jákvæðum augum að Norðurlandaráð hvetji til aukins samstarfs um heimaræktun á Norðurlöndum. Nefndin veitir því sérstaka athygli að lögð er áhersla á að

heimaræktun á borgarsvæðum geti haft félagslegan, menningarlegan og hagnýtan ávinning í för með sér þegar matvælaframleiðsla færist nær íbúunum.

Nefndinni veitir því einnig athygli að lögð er áhersla á hlutverk NordGen við að stuðla að aukinni ræktun staðbundinna tegunda sem búa yfir viðnámsþrótti gagnvart loftslagsbreytingum norrænum görðum og lítur með miklum áhuga til þess að Norræna ráðherranefndin vill ræða tækifæri til að miða fræsöfnuninni með auknum hætti að sérstökum loftslagsbeltum og veita leiðbeiningar um slíkt með NordGen.

Nefndin lítur einnig með mikilli ánægju og athygli til nýrrar skýrslu NorRegiosem ber heitið „Urban Agriculture for a Resilient Future“.

Efnisatriði og

dæmi skýrslunnar um heimaræktun skapa góðan grundvöll til að stunda heimaræktun á Norðurlöndum.

Kiruna, 25. júní 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Emma Berginger (MP)

Kari-Anne Jønnes (H)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)